

Alþingi
Erindi nr. P 131/1356
komudagur 18.4.2005



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Rvk. 15.04.2005

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 12/1997 um atvinnuleysistryggingar, 174. mál, desemberuppbót.

Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 12/1997 um atvinnuleysistryggingar, 174. mál, desemberuppbót.


Með frumvarpinu er lagt til að greidd verði 30% uppbót á atvinnuleysisbætur í desember ár hvert. Rökstuðningur fyrir breytingunni er sá að elli- og örorkulífeyrisþegar sem njóta tekjutryggingar og tekjutryggingarauka eigi rétt á 30% uppbót á tekjutryggingu og tekjutryggingarauka í desember og að launamenn á almennum vinnumarkaði eigi almennt rétt á uppbót á laun sín í desembermánuði.

Atvinnuleysisbæturnar eru trygging sem fjármagnaðar eru með atvinnutryggingagjaldi sem lagt er á atvinnureksturinn og ætlað er að standa undir útgjöldum vegna atvinnuleysisbóta. Ákvörðun um hækkun bóta er þar af leiðandi ávísun á hækkun atvinnutryggingagjaldsins eða minni lækkun þess eftir atvikum. Hækkanir á lífeyri hafa ekki slík áhrif. Þá eru atvinnuleysisbætur tímabundnar greiðslur líkt og sjúkra- og slysadagpeningar og greiðast ekki uppbætur á þá.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að allir sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í desember fái 30% uppbót á bæturnar. Þar á meðal væri launafólk sem hefði fengið desemberuppbót greidda frá vinnuveitanda svo sem fiskvinnslufólk og aðrir þeir sem hafa unnið meira en 12 vikur á árinu en eru fara tímabundið á bætur í desember. Fiskiskipaflotinn stöðvast í desember og fram yfir áramót og leiðir það til stöðvunar fiskvinnslu í landi. Fer þá margt fiskvinnslufólk tímabundið á atvinnuleysisbætur. Almennast er að það hafi fengið greidda desemberuppbót frá vinnuveitanda fyrir vinnu sína á árinu en ætti samkvæmt frumvarpinu að fá til viðbótar desemberuppbót á bæturnar og þar með verulega meira en þeir sem eru í vinnu.

Mælt er gegn því að framangreint frumvarp verði samþykkt.

Virðingarfyllst,



Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is